

Vatnshæð í Skorradalsvatni 2019

Árið 2019 var leitast við að ná markmiðum um að halda rennsli neðan Andakílsárvirkjunar innan marka þannig að það sé ekki minna en $2,23 \text{ m}^3/\text{s}$ vegna lax og lífríkis í ánni. Það tókst ekki að öllu leyti. Utan tímabils í janúar náðist markmið um að halda vatnsborðssveiflum í Skorradalsvatni innan efri marka keyrsluáætlunar ON sem eru $62,68 \text{ m.y.s}$ í eðlilegum rekstri að vetrarlagi en $62,18 \text{ m.y.s}$ á sumrin. Frá miðjum júlí fram í byrjun september var vatnið undir neðri mörkum keyrsluáætlunar sem eru $61,78$ yfir sumartímann. Efstu leyfilegu flóðamörk, samkvæmt umsögn Orkustofnunar um miðlunarleyfi frá 1994, eru $63,20 \text{ m.y.s}$ yfir vetrartímann og $62,70 \text{ m.y.s}$ yfir sumartímann, aldrei var farið yfir þessi mörk á árið 2019.

